

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í fundarsal bæjarskrifstofu, miðvikudaginn 16. desember 2015, kl. 17:00.

Mætt voru: Þórhallur Einisson, Alda Pálsdóttir, Jakob Fannar Hansen, Walter Fannar Kristjánsson og Fanný Björk Ástráðsdóttir.

Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. **Íþróttamaður Hveragerðisbæjar 2015**
2. **Varmahlíð úthlutun – kynning**
3. **Afmælisnefnd Hveragerðisbæjar**

1. **Íþróttamaður Hveragerðisbæjar 2015.**

Formaður og menningar- og frístundafulltrúi kynntu samantekt um afrek íþróttamanna sem eru með lögheimili í Hveragerði. Tilnefningar bárust frá Akstursíþróttasambandi Íslands, Blaksambandi Íslands, Fimleikadeild Gerplu, Golfklúbba Hveragerðis, Körfuknattleikssambandi Íslands, badminton-, fimleika-, knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild Hamars, Hestamannafélaginu Ljúfi, Lyftingafélagi Hengils og Íshökkísambandi Íslands. Nefndin ákvað hverjir hljóta viðurkenningar og útnefningu sem íþróttamaður Hveragerðis 2015.

Athöfnin verður haldin þriðjudaginn 29. desember kl. 17:00 í Listasafni Árneseinga.

2. **Varmahlíðarhús úthlutun - kynning**

Menningar- og frístundafulltrúi kynnti umsóknir um dvöl listamanna í listamannahúsi bæjarins, Varmahlíð fyrir árið 2016. Menningar- og frístundafulltrúa ásamt formanni er falið að ganga frá úthlutun.

3. **Afmælisdagskrá Hveragerðisbæjar**

Umræða um fyrirhugaða afmælisdagskrá til að fagna 70 ára afmæli bæjarins á næsta ári. Ákveðið var að kynna drög að dagskrá á fyrsta fundi nefndarinnar á nýju ári 2016.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:32

Þórhallur Einisson, (sign)

Alda Pálsdóttir, (sign)

Jakob Fannar Hansen, (sign)

Walter Fannar Kristjánsson, (sign)

Fanný Björk Ástráðsdóttir, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)